

Afgreiðsla mála

1. Reikningar BÍ

Niðurstaða máls:
Reikningar BÍ samþykktir.

2. Fjárhagsáætlun BÍ og Nautastöðvar

Niðurstaða máls:
Fjárhagsáætlun BÍ og Nautastöðvar samþykkt.

3. Umsýsla með eignir BÍ

Niðurstaða máls:
Erindi dregið til baka.

4. Nautastöð BÍ

Markmið

Að stofnað verði einkahlutafélag um rekstur og eignir Nautastöðvar Bændasamtaka Íslands

Leiðir

Búnaðarþing heimilar stjórn BÍ að stofna einkahlutafélag um rekstur og eignir Nautastöðvar BÍ. Ennfremur heimilar þingið stjórn BÍ að selja eignarhluti í félaginu til aðildarfélaga samtakanna eftir sérstökum samningum þar um, þyki það hagfellt nautgriparæktinni og heildarhagsmunum landbúnaðarins.

Framgangur

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir. Heimildin gildir til Búnaðarþings 2015.

Guðbjörg Jónsdóttir
Guðmundur Bjarnason
Guðmundur Davíðsson
Guðrún Sigurjónsdóttir

5. Póstþjónusta í dreifbýli

Máli vísað frá.

6. Fjarskipti – grunnþjónusta í dreifbýli

Allsherjarnefnd hefur fjallað um innsendar ályktanir um fjarskiptamál og farið yfir afdrif mála frá síðustu búnaðarþingum. Nefndin telur að efnislega hafi ekki komið fram nýjar áherslur í innsendum erindum. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að BÍ hafi þegar brugðist við erindi Póst- og fjarskiptastofnunar um alþjónustu og þeirri tillögu að aflétta þjónustukvöð af Mílu. BÍ hafa lagt áherslu á að við þá breytingu sé í engu slegið af kröfu um markvissa uppbyggingu á öflugum fjarskiptum og jafna aðstöðu byggðanna til nútíma fjarskipta. Nefndin leggur áherslu á að BÍ svari andmælaskjali PFS og ítreki ályktanir búnaðarþings.

Allsherjarnefnd beinir þeim tilmælum til stjórnar BÍ að hún fjalli um og láti gera könnun á réttarstöðu þeirra sem ekki geta notið útsendinga útvarps og sjónvarps en þurfa samt sem áður að sæta því að

greiða útlagsgjald. Eftir atvikum mætti hefja slíkt mál með kvörtun til Umboðsmanns Alþingis. Allsherjarnefnd telur einnig að kanna þurfi hversu marga bæi er um að ræða þar sem ekki næst útlags- og/eða sjónvarpsútsending

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Haraldur Benediktsson
Pétur Diðriksson
Sigurlaug Gissurardóttir
Smári Borgarsson
Þórhallur Bjarnason

7. Raforkuverð í dreifbýli

Markmið

Jöfnun raforkuverðs í landinu.

Leiðir

Búnaðarþing skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp lónaðarráðherra um að jafna á milli dreifbýlis og þéttbýlis, kostnað við dreifingu rafmagns.

Búnaðarþing hvetur stjórnvöld að standa við fyrirheit sín um að kostnaður þeirra sem búa á „köldum svæðum“ og nota raforku til kyndingar, verði til jafns við hitaveitu.

Framgangur

Ályktunin verði send lónaðarráðherra og Alþingi.

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Haraldur Benediktsson
Pétur Diðriksson
Sigurlaug Gissurardóttir
Smári Borgarsson
Þórhallur Bjarnason

8. Vegamál í dreifbýli

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

9. Kjördagur sveitarstjórnarkosninga

Niðurstaða máls:
Erindi kemur ekki úr nefnd.

10. Jarðeignir ríkisins

Niðurstaða máls:
Erindi kemur ekki úr nefnd.

11. Sjúkrasjóður BÍ

Markmið

Að leggja niður sjúkrasjóð Bændasamtaka Íslands.

Leiðir

Búnaðarþing 2014 samþykkir að leggja niður Sjúkrasjóð BÍ í núverandi mynd. Stofnun nýs sjóðs er um leið frestað um óákveðinn tíma, í ljósi þess að fjármögnun liggur ekki fyrir. Eftirstöðvar sjóðsins við uppgjör renna til BÍ.

Framgangur

Stjórn BÍ er falin framkvæmd málsins.

Greinargerð:

Á stjórnarfundum Bændasamtaka Íslands sem haldinn var þann 19. júní 2013 var lagt fram minnisblað Magnúsar Óskarssonar, hdl. hjá Lög máli ehf., dags. 15. apríl 2013, með tillögu um formbreytingu á starfsemi Sjúkrasjóðs BÍ sem fæli í sér niðurlagningu hans og stofnunar afleysingasjóðs sem hefði það að markmiði að veita styrki til að viðhalda búrekstri þegar eigendur rekstrarins forfallast vegna veikinda. Samþykkt var samhljóða að leggja sjóðinn niður í núverandi mynd eftir því sem þeir fjármunir sem í honum eru klárast og nota jafnframt tímamann fram að búnaðarþingi 2014 til að móta nýjar tillögur um meðferð þeirra mála sem áður heyrðu undir sjúkrasjóðinn, t.d. með stofnun einhvers konar afleysingasjóðs. Þórhalli Bjarnasyni og Elíasi Blöndal Guðjónssyni, lögfræðingi BÍ, var falið að vinna að mótun tillagnanna. Stjórnarmönnum var jafnframt bent á að koma sínum athugasemdum varðandi málið á framfæri við Þórhall og Elías.

Fjallað var aftur um málið á stjórnarfundum Bændasamtaka Íslands þann 15. ágúst 2013. Á fundi stjórnar þann 16. október 2013 var síðan lagt fram minnisblað Elíasar Blöndal Guðjónssonar og Þórhalls Bjarnasonar, dags. 9. október 2013 um sjúkrasjóðinn. Í minnisblaðinu var gerð tillaga um að sjóðurinn verði lagður niður í núverandi mynd eftir að þeir fjármunir sem nú eru í honum ganga til þurrðar og að ákvörðun um stofnun nýs sjóðs á breyttu formi verði frestað um óákveðinn tíma vegna óvissu um fjármögnun. Stjórn samþykkti samhljóða að leggja sjúkrasjóðinn niður eftir því sem fjármunir í honum klárast og fresta því að stofna nýjan sjóð um óákveðinn tíma.

Sjúkrasjóðurinn er í eigu Bændasamtaka Íslands og æðsta vald í málefnum hans er stjórn Bændasamtaka Íslands. Sjúkrasjóður Bændasamtaka Íslands var hins vegar stofnaður með svofelldri ályktun Búnaðarþings 2004:

„Búnaðarþing 2004 samþykkir að stofna sjúkrasjóð Bændasamtaka Íslands. Tilgangur sjóðsins er að koma bændum til aðstoðar, verði þeir eða börn þeirra fyrir alvarlegum slysum eða sjúkdómum. Stjórn Bændasamtakanna skipi starfshóp til að semja reglur fyrir sjóðinn. Jafnframt leiti hún eftir viðræðum að félagsmálaráðherra um að hluti af fjármunum, sem bændur greiða í tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, renni í þennan sjóð. Þá samþykkir búnaðarþing að verja 10 millj.kr. af arði hótélanna til sjóðsins sem stofnframlags.“

Þrátt fyrir að æðsta vald sjóðsins í málefnum hans sé í höndum stjórnar Bændasamtaka Íslands, samkvæmt samþykktum hans, telur stjórn að með hliðsjón af því með hvaða hætti sjóðurinn var stofnaður sé eðlilegt að Búnaðarþing taki formlega ákvörðun um niðurlagningu hans.

Með vísan til framangreinds leggur stjórn Bændasamtaka Íslands til að Búnaðarþing 2014 álykti um að Sjúkrasjóður Bændasamtaka Íslands verði lagður niður í núverandi mynd og að stofnun nýs sjóðs verði frestað um óákveðinn tíma. Þá leggur stjórn Bændasamtaka Íslands til að Búnaðarþing 2014 álykti um að fjármunum sjúkrasjóðsins verði skilað til Bændasamtaka Íslands.

Anna Bryndís Tryggvadóttir
Gústaf Jökull Ólafsson
Haraldur Benediktsson
Pétur Diðriksson
Sigurlaug Gissurardóttir
Smári Borgarsson
Þórhallur Bjarnason

12. Félagskerfi landbúnaðarins

Markmið

Að finna leiðir að fjármögnun samtaka bænda og koma með tillögur að fulltrúafjölda einstakra aðildarfélag á búnaðarþingi.

Leiðir

Skipaður verði vinnuhópur til að gera framangreindar tillögur. Ef þurfa þykir verði ráðgjafi ráðinn hópnum til aðstoðar. Haft verði víðtækt samráð við aðildarfélög BÍ og byggt á þeirri vinnu sem þegar hefur farið

fram eftir því sem hægt er.

Framgangur

Stjórn BÍ er falið að fylgja málinu eftir. Tillögur vinnuhópsins skulu kynntar bændum og aðildarfélögum BÍ fyrir lok október 2014 og lagðar fyrir búnaðarþing 2015.

Stjórn BÍ er falið að leita samninga um fjármögnun verkefnisins með eftirfarandi hætti: Að Bændasamtök Íslands greiði 50%, búnaðarsambönd 25% og búgreinasambönd 25%. Hlutur einstakra aðildarféлага fari eftir hlutdeild þeirra í innborguðu búnaðargjaldi.

Björn Halldórsson
Einar Ófeigur Björnsson
Guðný H. Jakobsdóttir
Sif Jónsdóttir
Sigurður Loftsson
Sólveig Bessa Magnúsdóttir
Sveinn Auðunn Sæland Þórarinn Ingi Pétursson

13. Breytingar á samþykktum BÍ og þingsköpum búnaðarþings

Frá stjórn BÍ.

Samþykktir BÍ og þingsköp búnaðarþings

14. ESB

Búnaðarþing 2014 ítrekar samþykktir fyrri þinga um andstöðu við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þingið telur að draga eigi aðildarumsókn Íslands til baka.

Einar Ófeigur Björnsson
Guðný H. Jakobsdóttir
Sif Jónsdóttir
Sigurður Loftsson
Sólveig Bessa Magnúsdóttir
Sveinn Auðunn Sæland
Þórarinn Ingi Pétursson

15. Hagtölur í landbúnaði

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

16. Bjargráðasjóður

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

17. Innflutningur á hráu, ófrosnu kjöti

Ályktun:
Innflutningur á hráu, ófrosnu kjöti

Markmið

Að áfram verði óheimilt að flytja hingað til lands hrátt, ófrosið kjöt í ljósi þeirrar smit- og sýkingarhættu sem það getur haft í för með sér.

Leiðir

Að þrýst verði á stjórnvöld að halda áfram uppi fullum vörnum í máli ESA gegn íslenska ríkinu vegna innflutningsbanns á hráu ófrosnu kjöti.

Framgangur

Stjórn BÍ er falið að fylgja málinu eftir.

Greinargerð:

Þann 12. desember 2011 ritaði Eftirlitsstofnun EFTA (EFTA Surveillance Authority – ESA) bréf til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, varðandi skilyrði fyrir innflutningi á hráu kjöti til Íslands samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Þar kom fram m.a. að ESA hefði fengið kvörtun frá Samtökum verslunar og þjónustu á Íslandi þess efnis, að samtökin telja að með því að viðhalda banni á innflutningi á hráu kjöti samkvæmt tilvitnuðu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 sé brotið gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum). Síðan þá hefur verið unnið að því af Íslands hálfu að halda uppi vörnum í málinu með tilstyrk sérfræðinga auk þess sem Samráðshópur sérfræðinga varðandi innflutningsbann á hráum dýraafurðum og lifandi dýrum, sem skipaður var í nóvember 2011 af þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur verið ráðuneytinu til aðstoðar.

Það sem síðast hefur gerst er að ESA sendi íslenskum stjórnvöldum formlegt viðvörunarbréf (letter of formal notice) dags. 30. október 2013 en bréfið er svar við bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), dags. 27. maí 2013. Í umræddu viðvörunarbréfi frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) kemur m.a. fram að ESA telur að fyrirkomulag leyfisveitinga til innflutnings á hráu kjöti til Íslands samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum, sé ekki í samræmi við EES-samninginn, þ.e. stangist á við tilskipunina um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan EES.

Á síðari stigum getur komið til þess að málið fari fyrir EFTA dómstólinn, en það liggur ekki fyrir ennþá.

Birgir Arason
Fanney Ólöf Lárusdóttir
Helena Hermundardóttir
Ingvi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson
Ólafur Þ. Gunnarsson
Stefán Geirsson

18. Upprunamerkingar á matvælum

Ályktun

Upprunamerkingar á matvælum. Erindi vísað til stjórnar.

19. Notkun íslenska fánans til merkingar á búvörum

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

20. Rekjanleiki matvæla

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

21. Lífrænar landbúnaðarvörur

Markmið

Búnaðarþing 2014 telur mikilvægt að efla framleiðslu á lífrænum landbúnaðarvörum.

Leiðir

Búnaðarþing 2014 hvetur bændur í öllum búgreinum til að meta og nýta þau tækifæri sem eru til staðar í framleiðslu og sölu á lífrænum landbúnaðarvörum.

Framgangur

Bændasamtökum Íslands verði falið að halda málþing til kynningar og fræðslu á lífrænni landbúnaðarframleiðslu í samstarfi við VOR (verndun og ræktun), landsfélag framleiðenda í lífrænum búskap.

Birgir Arason Fanney
Ólöf Lárusdóttir
Helena Hermundardóttir
Ingvi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson
Ólafur Þ. Gunnarsson
Stefán Geirsson

22. Útgáfu- og kynningarmál BÍ

Ímyndar- og kynningarmál BÍ

Markmið

Búnaðarþing 2014 leggur til stofnun samráðshóps búgreinafélaga og BÍ sem markar stefnu í ímyndar- og kynningarmálum samtakanna. Mikilvægt er að sem ríkastur samhljómur sé í þeim máflutningi sem hafður er uppi innan samtaka bænda fyrir hönd íslensks landbúnaðar og heildarhagsmunir ávallt hafðir að leiðarljósi.

Leiðir og framgangur

Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

Birgir Arason Fanney
Ólöf Lárusdóttir
Helena Hermundardóttir
Ingvi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson
Ólafur Þ. Gunnarsson
Stefán Geirsson

23. Varnarlínur sauðfjársjúkdóma

Niðurstaða máls:
Erindi kemur ekki úr nefnd.

24. Reglur um mengandi starfsemi

Markmið

Búnaðarþing 2014 leggur til að ákvæði um 500 metra fjarlægðarmörk landbúnaðarbygginga í reglugerð um hollustuhætti 941/2002 verði afunction.

Leiðir

Þegar byggt er á skipulögðu landbúnaðarsvæði er eðlilegt að ákvæði skipulagsreglugerðar liggi til grundvallar þegar fjarlægðamörk bygginga eru ákveðin.

Framgangur

Stjórn Bændasamtakanna vinni að framgangi málsins.

Hávar Sigtryggsson
Jóhann Gísli Jóhannsson
Jóhann Ragnarsson
Keran Stueland Ólason
Óðinn Sigbórsson
Þórir Jónsson

25. Álftir og gæsir**Markmið**

Búnaðarþing 2014 telur mikilvægt að nú þegar verði dregið skipulega úr tjóni af völdum álfta og gæsa á ræktarlöndum bænda.

Leiðir

Safnað verði frekari upplýsingum um tjón sem álftir og gæsir valda á ræktarlöndum bænda. Á grundvelli þeirra gagna verði ákveðið hvort heimildarákvæði verði sett í lög um tímabundna skotveiði á álft og gæs í tilraunaskyni á ræktarlöndum bænda.

Framgangur

Bændasamtökunum verði falið að vinna að málinu í samstarfi við Umhverfis- og auðlindarráðuneytið.

Hávar Sigtryggsson
Jóhann Gísli Jóhannsson
Jóhann Ragnarsson
Keran Stueland Ólason
Óðinn Sigbórsson
Þórir Jónsson

26. Refa- og minkaveiðar

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

27. Sauðfjársjúkdómar

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

28. Gæðahandbók fyrir umráðamenn búfjár

Niðurstaða máls:
Erindi vísað til stjórnar.

29. Kúasæðingar

Niðurstaða máls:
Erindi kemur ekki úr nefnd.

30. Landbúnaðarháskólar á Íslandi

Markmið

Búnaðarþing leggur áherslu á að sjálfstæði og rekstrargrundvöllur landbúnaðarháskóla á Íslandi sé tryggður. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað og þróun hans að í landinu séu öflugir skólar sem sinna endurmenntun bænda, starfsmenntanámi, háskólanámi og rannsóknum í landbúnaði. Sjálfstæðir og öflugir landbúnaðarháskólar eru mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar.

Leiðir

Búnaðarþing 2014 leggst gegn hugmyndum menntamálaráðherra um samruna HÍ og LbhÍ. Búnaðarþing hvetur stjórn BÍ til að leita allra leiða til að tryggja áfram sjálfstæði LbhÍ. Búnaðarþing telur eðlilegt að það fjármagn sem menntamálaráðherra er tilbúinn að veita til samruna HÍ og LbhÍ fari í að styrkja rekstur LbhÍ án þess að til þess samruna komi.

Framgangur

Ályktun send ráðherrum mennta- og menningarmála og fjármála. Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Lárusdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Kr. Eiríksson
Sigbjörn Björnsson
Skúli Þórðarson

31. Dýralæknaþjónusta

Markmið:

Að bæta dýralæknaþjónustu í dreifbýli og tryggja betur velferð dýra.

Leiðir:

Nauðsynlegt er að endurskoða dýralæknaþjónustu í þeim landshlutum þar sem stærð vaktsvæða hefur sýnt sig að hafa neikvæð áhrif á velferð dýra. Nauðsynlegt er að fjölga þjónustudýralæknum og bakvaktarsvæðum til að tryggja ásættanlegan viðbragðstíma dýralækna og þar með velferð dýra. Dæmi eru um að bændur hafi misst bæði nautgripi og hross vegna þess að dýralækni tókst ekki að komast tímanlega þeim til aðstoðar. Til að auka sveigjanleika og hagkvæmni þyrfti að endurskoða vaktsvæði og skoða hvort betra sé að skilgreining þeirra komi fram í reglugerð en sé ekki bundin í lögum.

Framganga:

Búnaðarþing 2014 skorar á stjórnvöld að tryggja auknar fjárveitingar til Matvælastofnunar svo fjölga megi þjónustudýralæknum og bakvaktarsvæðum dýralækna þar sem nauðsynlegt er.

Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Lárusdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Kr. Eiríksson
Sigbjörn Björnsson
Skúli Þórðarson

32. Framkvæmd búfjáreftilits

Niðurstaða máls:

Erindi kemur ekki úr nefnd.

33. Stefnumótun í landbúnaði

Markmið

Bændasamtökin og stjórnvöld vinni stefnumótun fyrir íslenskan landbúnað til lengri tíma.

Leiðir

Búnaðarþing 2014 leggur áherslu á að unnin verði heildarstefnu- og sóknaráætlun fyrir landbúnað á Íslandi, sem byggir á stefnumótun búgreinafélaganna og sé unnin í nánun samstarfi við þau.

Stjórn BÍ óski eftir stefnumótun frá búgreinafélagunum og taki síðan upp viðræður við stjórnvöld um opinbera landbúnaðarstefnu til lengri tíma.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson
Jóhann Nikulásson
Laufey Bjarnadóttir
Oddný Steina Valsdóttir
Vigdís Sveinbjörnsdóttir
Þorsteinn Sigmundsson
Örn Bergsson

34. Búvörusamningar

Starfsskilyrði landbúnaðarins

Markmið

Búnaðarþing 2014 leggur áherslu á að hafin verði undirbúningsvinna vegna gerðar nýrra búvörusamninga, með það að markmiði að efla samkeppnishæfni, nýta sóknarfæri og treysta afkomu bænda. Þingið telur mikilvægt að fyrirkomulag tolla verði hluti af samningum, enda eru þeir ein af grunnstöðum þess að tryggja rekstraröryggi landbúnaðarins.

Leiðir

Bændasamtök Íslands, í samráði við þau búgreinafélög er málið varðar, óski eftir viðræðum við stjórnvöld um gerð nýrra búvörusamninga og gerður verði sér samningur fyrir hverja búgrein. Nauðsynlegt er að meta árangur nógildandi samninga, tollaumhverfis og skoða hvernig skynsamlegast er að þróa stuðningsumhverfið til framtíðar lítið. Mikilvægt er að slíkt frumkvæði komi frá bændum. Á grunni búnaðarlagasamnings verði gerður rammi að starfsumhverfi landbúnaðarins. Afar mikilvægt er að starfsumhverfi þar með talið tollar leggi grunn að íslenskri landbúnaðarframleiðslu. Þingið leggur enn fremur áherslu á að staðið verði við nógildandi búvörusamninga og góður tími sé gefinn til aðlögunar að breytingum sem kunna að verða.

Framgangur

Skipaður verði starfshópur samningsaðila til að meta þá reynslu sem komin er af framkvæmd samninganna. Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir gagnvart sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson
Jóhann Nikulásson
Laufey Bjarnadóttir
Oddný Steina Valsdóttir
Vigdís Sveinbjörnsdóttir
Þorsteinn Sigmundsson
Örn Bergsson

35. Brunatryggingar landbúnaðarbygginga

Niðurstöður máls:

Erindi kemur ekki úr nefnd.

36. Skoðun ökutækja í dreifbýli

Niðurstöður máls:
Erindi kemur ekki úr nefnd.

37. Svört atvinnustarfsemi

Niðurstöður máls:
Erindi kemur ekki úr nefnd.

38. Gjaldtaka vegna búfjáreftilits

Búnaðarþing 2014 mótmælir harðlega boðaðri innheimtu vegna búfjáreftilits.

Almennt búfjáreftilit hefur fram til þessa ekki verið gjaldskýlt. Þingið beinir því til stjórnar Bændasamtakanna að leita allra leiða til að svo verði áfram.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson
Jóhann Nikulássson
Laufey Bjarnadóttir
Oddný Steina Valsdóttir
Vigdís Sveinbjörnsdóttir
Þorsteinn Sigmundsson
Órn Bergsson

39. Dýralæknþjónusta - þjónustusamningar

Markmið:

Búnaðarþing 2014 átelur Velferðarráðuneyti harðlega fyrir þann seinagang sem orðið hefur á að vinnuhópur, sem falið var að yfirfara löggjöf og reglur um afhendingu lyfja til bænda á grundvelli þjónustusamninga, hefji störf.

Framgangur:

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

Guðmundur Gunnarsson
Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Lárusdóttir
Guðrún Stefánsdóttir
Gunnar Kr. Eiríksson
Sigbjörn Björnsson
Skúli Þórðarson